

Minnisblað

Til: Bæjarráð
Frá: Axel Rodriguez Överby
Dags. 27. maí 2022
Mnr. 2022050025



ÍSAFJARÐARBÆR

Uppbygging og næstu skref.

Eins og greint var frá á fundi bæjarráðs nr. 1198 þann 9. maí sl., þá greindist mygla í þremur kennslustofum grunnskólans. Með tilliti til þessara niðurstaðna var hafist handa við að rýma umræddar stofur og nemendum og kennurum hagrætt í önnur pláss.



Mynd 1

Hafist var handa við að hreinsa menguð byggingarefni t.a.m. múr, einangrun og í lögn í gólf að innan, ásamt því að veggir að utan voru hreinsaðir með háþrýstihvotti að utan og laus múr fjarlægður.

Rýmin voru innsiglið með plasti (sjá mynd 2) og útsogi komið fyrir í stofum til þess að mynda undirþrýsting í álmunni, að ekki væri að berast um skólann agnir vegna myglunnar.



Mynd 2

Eftir að byggingarhlutar voru opnaðir má má draga fram þá ályktun, að frágangi við smíði skólans hafi ekki verið skv. þeim kröfum sem gerðar eru í dag. A.m.k. ekki m.t.t. frágangs við steypu og járnabindingu. Á mynd 3, sést greinilega að járnabinding hefur ekki verið nægjanlega djúpt í steypunni og víða staðið upp úr og þau hulinn með múrkápu. Raki hefur komist að járnum og oxun hafist, sem í framhaldi veldur þenslu og sprengir múrinn.



Mynd 3

Umfang skemmda er töluvert og fyrirséð að skipta þarf út öllum gluggum og glerjum í bæði á suður og norður gaffli.

Ástand barnaskólans að utan er bágborið, víða má sjá sprungur og bæði eldri viðgerðir og það sem hefur verið áhlaðandi síðustu ár. Til þess að koma mannvirkinu í viðunandi ástand er grundvallaratriði að þétta húsið að utan. Helstu forgangsmál eru að;

- Fjarlægja ónýta glugga og gler
- Steypuviðgerðir m.t.t. járnbindingar
- Sprunguþéttingar að utan og innan
- Endurnýja gler og glugga
- Múra hús að utan
- Skipta út gólfdukkum.

Óskað er eftir heimildar bæjarráðs að vinna málið áfram eins og greint er hér að framan.